

**Mál nr. 75/2015****M  
og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns við aftanákeyrslu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 24.2.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 9.3.2015.

**Málsatvik.**

Hinn 28.1.2014 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók. Ekkert tjón mun hafa orðið á A en rispur aftan á B.

Daginn eftir, eða 29.1.2014, leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss vegna verkja aftan í hálsi og niður á milli herðablaða vinstra megin. Í áverkavottorði yfirlæknis deildarinnar segir að M hafi verið með einkenni mest frá vinstri hliðlægum hálsvöðvum og var áverkinn talinn mildur. Ekki voru gerðar röntgenrannsóknir en M var ráðlagt að fara til eftirlits hjá heimilislækni „ef hún væri á leið í vítahring“. Taldi læknirinn ólíklegt að M væri óvinnufær eftir atvikinu.

M leitaði tvívegis til heimilislæknis á heilsugæslustöð vegna einkenna sem hún rakti til slyssins. Leitaði hún fyrst til hans 24.2.2014 vegna slæmra verkja í vinstra herðablaði sem leiddi upp í háls og út í handlegg. Kvaðst M hafa verið slæm af verkjum í fjóra daga eftir slysið. Hún hafi verið heima hjá í þrjú daga en farið svo til vinnu. Daginn fyrir komuna til læknisins hafi hún læstst í hálsi og ekki farið til vinnu þann dag sem hún leitaði til læknisins. Við skoðun hafi hún verið aum í hnakkafestum og í vöðvum aðlægt hryggsúlu vinstra megin í hálsi. Hún hafi einnig verið aum yfir festu „m. levator scapulae“ og efsta hluta „romboid“ vöðva við vinstra herðablað. Hafi hún fengið beiðni í sjúkrahjálfun og bólgueyðandi lyf til að vinna á einkennum hálstognunar. M leitaði aftur til læknisins 16.4.2014 vegna einkenna sem hún bjó þá enn við. Í vottorði læknisins segir að M hafi aldrei leitað á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna umferðarslyss. Í ljósi þess verði að teljast líklegt að einkenni hennar frá hálsi og vinstri handlegg megi rekja til slyssins.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X aflaði skýrslu hjá fyrirtækinu D um þá þyngdarkrafta sem verkuðu á ökutækin við áreksturinn. Samkvæmt skýrslu D nam sá þyngdarkraftur sem verkaði á A 0,75 g og 0,68 g sem verkaði á B. Einkum með vísan til skýrslu D telur X ósannað að sjúkdómseinkennum M megi rekja til árekstursins og hefur því hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

M leitaði á slysideild daginn eftir áreksturinn vegna verkjaeinkenna aftan í hálsi og niður á milli herðablaða. Einnig leitaði hún tvívegis til heimilislæknis og hefur jafnframt verið í sjúkrahjálfun. Af gögnum málsins þykir nægilega í ljós leitt að M hafi orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn þótt umfang þeirra hafi ekki verið tilgreint nákvæmlega með matsgerð. Af skýrslu D þykir varhugavert að fullyrða að M hafi ekki orðið fyrir neinu líkamstjóni. Samkvæmt þessu telst M hafa orðið fyrir einhverju líkamstjóni sem er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

**Niðurstaða.**

M telst hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 31. mars 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.